



## 498. Stjórnarfundur haldinn 4. janúar. 2018 kl:18:00.

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA), Birgir Már Bragason (BMB) og Eva Björk Sveinsdóttir (ES).

### 1. Fundagerð síðasta fundar

Farið yfir og samþykkt.

### 2. Innkomin bréf.

Tölvupóstur frá UMFÍ fyrra fundarboð á 41. sambandsráðsfund 13. janúar. **Móttekið.**

Afrit af afgreiðslu íþrótt- og tómstundaráðs, bæjarráðs og bæjarstórnar Reykjanesbæjar v/ kaup á sviði og gólfefni í íþróttahús Reykjanesbæjar. **Móttekið og aðalstjórn fagnar niðurstöðunni.**

Tölvupóstur frá UMFÍ seinna fundarboð á 41. sambandsráðsfund 13. janúar í gólfklúbba Kópavogs og Garðabæjar að Vífilstaðavegi. Fundurinn hefst kl. 13:00. **Móttekið og EH mætir.**

Tölvupóstur frá formanni fimleikadeildar Keflavíkur það sem hún gefur ekki kost á sér til formanns og einnig leggur inn uppsögn sem framkvæmdastjóri fimleikadeildarinnar. **Móttekið.**

### 3. Send bréf.

Boðsbref sendi út vegna hófs íþróttakarls- og konu Keflavíkur 2017.

Tölvupóstur sendur á deildir félagsins vegna aðalfundartíma.

### 4. Íþróttakona- og maður Keflavíkur 2017.

Heiðrun á íþróttafólki Keflavíkur fór fram fimmtudaginn 29. des. kl. 20:00 í félagsheimili félagsins.

Íþróttakarlar Keflavíkur er Davíð Hildiberg Aðalsteinsson og Íþróttakona Keflavíkur er Thelma Dís

Ágústsdóttir. Aðalstjórn óskar þeim til hamingju með útnefninguna.

### 5. Aðalfundir deilda Keflavíkur 2018

Drög að aðalfundartímum deilda liggur fyrir og er búið að senda drögin á deildir í tölvupósti. Fyrsti fundur er hjá blakdeild 22. janúar og síðasti hjá knattspyrnudeild 31. janúar.

### 6. Hringbraut 108

Umræður um hvað skuli gera við Hringbraut 108. **Ákveðið að fresta því til næsta fundar.**

### 7. Önnur mál.

EH sagði frá fundi sem hann átti með Guðlaugi H Sigurjónssyni sviðsstjóra umhverfissviðs, Hafþóri Barða Birgissyni íþrótt- og tómstundafulltrúa og Dagnýju Gísladóttur fulltrúa Menningarfélags Keflavíkur vegna skautasvell á malarvellinum. Einnig ræddu EH og Guðlaugur um fjölskyldugarðinn og grasið á sjö manna völlum.

Þorrablót Keflavíkur er 13. janúar. BSB býður aðalstjórn ásamt mökum heim fyrir blót.

BMB spurðist fyrir um ástand á gervigrasi í Reykjaneshöll. EH mun senda fyrirspurn á Hafstein Ingibergsson forstöðumanns.

Næsti fundur verður 18. janúar kl.18.00.

Fundi slitið 19:00 Fundinn ritaði BS.

